

## Stjórnarfundur Leiðsagnar, 18. febrúar 2021 kl. 11:00

Þrettánda fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn fimmtudaginn 17. febrúar klukkan 11:00. Fundinn var að hluta haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Grímur Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð. Sérstakur gestur var Sonja Kjartansdóttir, bókarí félagans.

1. Fundargerð síðasta fundar. Frestað.
2. Fjármál. Árið 2020 byrjaði vel, tekjufall varð í apríl, skánaði heldur sl. sumar og féll svo mjög þegar leið á sumarið. Fara þurfti í miklar tiltektir í fjármálum. Óskar, Sonja og Ragnheiður hafa unnið þrekvirki að fá þetta á hreint. Nú höfum við mynd af raunverulegri stöðu. Þegar kostnaður varðandi sjóði hefur verið ákveðinn er bókhaldið tilbúið til endurskoðanda. Svipað hefur verið greitt úr Sjúkrasjóði og undanfarin ár en tekjur eru litlar þannig að það hefur nokkuð gengið á hann. Endurskoðaðir reikningar verða tilbúnir í mars og verða lagðir fyrir aðalfund í apríl.
3. Sjúkrasjóður er til 18 mánaða. Margir að detta út í núverandi ástandi, er hægt að lengja í því? Sjóðurinn vinnur skv. eigin reglugerð og getur lengt í þessu. Sex mánuðir nú fyrir fullgilda féлага.
4. Flutningar skrifstofunnar í næstu viku. Spannandi tímamót fyrir félagið.
5. Mínar síður og kosningavefur. Tilboð um það komið upp á 400 þúsund. Samþykkt að setja það í gang með það í huga að það verði hægt að nota það á aðalfundi.
6. Stefna að aðalfundi í lok apríl. Margir félagar hafa dottið út af listanum vegna stöðunnar. Kanna með að liðka til um þau mál til að sem flestir geti setið aðalfund. Þau sem voru gjaldgeng þá verði það aftur nú, senda rukkun um lágmarksgjald til þeirra sem ekki hafa greitt sökum verkefnaleysis. Hafa hann að hluta rafrænan þannig að félagar út um allt landi geti sótt hann.
7. Fundi slitið klukkan 12:00.